

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	EES-ráðið	
	2.	Sameiginlega EES-nefndin	
	3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4.	Ráðgjafarnefnd EES	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-rikkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2009/EES/59/01		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 356/08/COL frá 11. júní 2008 um reglur um skattendurgreiðslur vegna farmanna sem starfa á skipum sem skráð eru í almenna skipaskrá í Noregi (NOR) (Noregur)	1
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	III	EB-STOFNANIR	
	1.	Ráðið	
	2.	Framkvæmdastjórnin	
2009/EES/59/02		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5642 – SGGF/Trakya/SGGE) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	8
2009/EES/59/03		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5644 – Kraft Foods/Cadbury).....	9
2009/EES/59/04		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5664 – Bilfinger Berger/MCE) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	10
2009/EES/59/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5667 – ACE/FTQ/FSI/Mecachrome) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	11
2009/EES/59/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5679 – Boreas Holdings/Centrica Renewable Energy Limited/GLID Wind Farms) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð.....	12

2009/EES/59/07	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5684 – BNP Paribas Assurance/Fortis Insurance International/UBI Assicurazioni) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	13
2009/EES/59/08	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5691 – Mubadala/Veolia Eau/Azaliya) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	14
2009/EES/59/09	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5715 – Leisure Park Holdings/Activos Port Aventura) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	15
2009/EES/59/10	Afturköllun tilkynningar um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5654 – Brookfield/BB1)	16
2009/EES/59/11	Auglýsing framkvæmdastjórnar EB um endurgreiðsluvexti sem innheimta ber við endurheimtu ríkisaðstoðar og viðmiðunar- og afreiknivexti fyrir 27 aðildarríki; vextirnir gilda frá 1. nóvember 2009	16
2009/EES/59/12	Breyting á auglýsingu eftir tillögum fyrir árið 2009 um óbeinar aðgerðir í tengslum við fjölára áætlun Evrópubandalagsins um verndun barna sem nota lýðnetið og aðrar tegundir samskiptatækni (<i>Öruggara net</i>)	18
2009/EES/59/13	Yfirlit um bandalagsákvæðanir um markaðsleyfi fyrir lyfjum sem teknar voru frá 1. september 2009 til 30. september 2009	18
2009/EES/59/14	Viðbót við yfirlit um bandalagsákvæðanir um markaðsleyfi fyrir lyfjum sem teknar voru frá 1. maí 2009 til 31. maí 2009	18
2009/EES/59/15	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/108/EB frá 15. desember 2004 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi rafsegulviðssamhæfi og um niðurfellingu tilskipunar 89/336/EBE	19

3. Dómstóllinn

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2009/EES/59/01

356/08/COL

frá 11. júní 2008

um reglur um skattendurgreiðslur vegna farmanna sem starfa á skipum sem skráð eru í almennri skipaskrá í Noregi (NOR)

(Noregur)

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN ⁽¹⁾

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið ⁽²⁾, einkum ákvæða 61., 62. og 63. gr. og bókunar 26,

með vísan til samnings milli EFTA-rikkanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls ⁽³⁾, einkum ákvæða 24. gr.,

með vísan til 3. mgr. 1. gr. I. hluta og 3. mgr. 4. gr. II. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól,

með vísan til leiðbeininga Eftirlitsstofnunar EFTA ⁽⁴⁾ um beitingu og túlkun 61. og 62. gr. EES-samningsins, einkum ákvæða kaflans um ríkisaðstoð á sviði sjóflutninga,

með vísan til ákvörðunar 195/04/COL frá 14. júlí 2004 um framkvæmdarákvæði sem um getur í 27. gr. II. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól ⁽⁵⁾,

með vísan til ákvörðunar 280/06/COL ⁽⁶⁾ og ákvörðunar 412/06/COL ⁽⁷⁾

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

I. MÁLSATVIK

1 Málsmeðferð

Með bréfi, sem var dagsett 23. febrúar 2007 (skjalnr. 411169), barst tilkynning stjórnvalda í Noregi, í samræmi við ákvæði 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, um breytingu á reglum um skattendurgreiðslur vegna farmanna sem starfa á skipum sem skráð eru í almennri skipaskrá í Noregi (NOR).

⁽¹⁾ [Á ekki við í íslensku þýðingunni.]

⁽²⁾ „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir.

⁽³⁾ „Samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól“ í því sem hér fer á eftir.

⁽⁴⁾ Leiðbeiningar um beitingu og túlkun 61. og 62. gr. EES-samningsins og 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, sem Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti og sendi frá sér 19. janúar 1994 og birtar voru í Stjtið. ESB L 231, 3.9.1994, bls. 1, og EES-viðbæti nr. 32, 3.9.1994, bls. 1. Leiðbeiningunum var breytt síðast 19. desember 2007. Þær nefnast „Leiðbeiningar um ríkisaðstoð“ í því sem hér fer á eftir.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 139, 25.5.2006, bls. 37.

⁽⁶⁾ Ákvörðun 280/06/COL frá 4. október 2006 um breytingar á reglum um skattendurgreiðslur til skipafélaga vegna farmanna sem starfa á skipum sem skráð eru í almenna skipaskrá (NOR) og alþjóðaskipaskrá (NIS) í Noregi. Birtist í Stjtið. ESB C 143, 28.6.2007, bls. 5, og EES-viðbæti nr. 30, 28.6.2007, bls. 6. Ákvörðunartextinn er birtur í fullri lengd á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA: <http://www.eftasurv.int/fieldsofwork/fieldstateaid/stateaidregistry>.

⁽⁷⁾ Ákvörðun 412/06/COL frá 19. desember 2006 um breytingar á reglum um skattendurgreiðslur í þágu farmanna sem starfa á skipum sem skráð eru í almennu norsku skipaskránni (NOR). Birtist í Stjtið. ESB C 111, 17.5.2007, bls. 20, og EES-viðbæti nr. 23, 17.5.2007, bls. 2. Ákvörðunartextinn er birtur í fullri lengd á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA: <http://www.eftasurv.int/fieldsofwork/fieldstateaid/stateaidregistry>.

Eftirlitsstofnun EFTA sendi beiðni um ítarlegri upplýsingar með bréfi sem var dagsett 7. mars 2007 (skjalnr. 412343). Stjórnvöld í Noregi svöruðu beiðninni um upplýsingar með bréfi sem var dagsett 22. apríl 2008 (skjalnr. 474517).

2 Lýsing á fyrirhuguðum ráðstöfunum

2.1 Fyrirsögn aðstoðarkerfisins

Tilkynningin, sem hér er til umfjöllunar, lýtur að breytingu á gildissviði kerfis sem ber yfirskriftina „Reglur um skattendurgreiðslur vegna farmanna sem starfa á skipum sem skráð eru í almennri skipaskrá í Noregi (NOR) og norsku alþjóðaskipaskránni (NIS)“⁽⁸⁾ sem Eftirlitsstofnun EFTA heimilaði fyrst með ákvörðun 280/06/COL og síðar var breytt með ákvörðun 412/06/COL⁽⁹⁾.

2.2 Markmið aðstoðarkerfisins

Að sögn stjórnvalda í Noregi eru helstu markmið með reglum um skattendurgreiðslur vegna farmanna að standa vörð um og auka atvinnu farmanna í Noregi og öðrum EES-ríkjum, að tryggja ráðningu og fagmenntun farmanna og að styrkja samkeppnisstöðu fyrirtækja sem hafa þessa farmenn í starfi. Reglurnar hafa jafnframt viðtækara markmið sem snýr að því að varðveita og efla verkkunnáttu og auka öryggi í siglingagreinum almennt.

Reglurnar um skattendurgreiðslur vegna farmanna fela í sér að tekjuskattur og almannatryggingagjöld, sem vinnuveitanda ber að standa skil á fyrir hönd farmanns, eru endurgreiddar (svonefnd „ráðstöfunarlaunaregla“). Áform stjórnvalda í Noregi eru að víkka gildissvið reglnanna þannig að þær taki til farþegaskipa sem siglt er á leiðinni Björgvin–Kirkenes, búa við samkeppni og eru skráð í almennri skipaskrá í Noregi (NOR).

Samkvæmt útreikningum stjórnvalda í Noregi taka áhrif þessarar breytingar á reglum um skattendurgreiðslur vegna farmanna sem starfa á skipum sem skráð eru í almennri skipaskrá í Noregi (NOR) til hér um bil 750 farmanna.

2.3 Landslögjöf sem liggur til grundvallar aðstoðarráðstöfuninni

Lagagrundvöllur hinna breyttu reglna er fjárlög ríkisins *Budsjett-innst. S. nr. 8 (2006–2007)* og fjárveitingaákvörðun norska löggjafarþingsins nr. 197 frá 12. desember 2006, *Budsjett-innst. S. nr. 13 (2006–2007)*, jf *St.prp. nr. 1 (2006–2007) Bevilgninger på statsbudsjettet 2007*.

Um framkvæmd fjárveitingaákvörðunar nr. 197 fer samkvæmt reglugerð nr. 1720 frá 21. desember 2005 (*Forskrift om forvaltning av tilskudd til sysselsetting av sjøfolk*), og verður henni breytt í samræmi við þetta. Stjórnvöld í Noregi hafa gefið til kynna að leiðbeiningum um framkvæmd reglnanna verði breytt í samræmi við fyrirhugaðar breytingar á þeim.

2.4 Hlutgengi

Undir reglur um skattendurgreiðslur vegna farmanna falla farmenn í lágmarksáhöfn skipa sem skráð eru í almennri skipaskrá í Noregi (NOR), mælast 100 brúttótonn eða stærri og notuð eru til sjóflutninga. Með breytingunni, sem tilkynnt hefur verið á hinum samþykktu reglum, víkkar gildissvið þeirra og taka þær framvegis til farmanna í lágmarksáhöfn skipa sem siglt er á leiðinni Björgvin–Kirkenes. Stjórnvöld í Noregi hafa tekið fram að í reynd séu þetta hin svonefndu „Hurtigrute-skip“.

Stjórnvöld í Noregi hafa ekki tilkynnt neinar aðrar breytingar á skattendurgreiðslureglunum sem Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti með ákvörðunum 280/06/COL og 412/06/COL. Skipafélög, sem gera út skip sem falla undir reglurnar, munu því fá styrki vegna farmanna sem:

- hafa skattalega heimilisfesti í Noregi eða öðru EES-ríki eða eru ríkisborgarar EES-ríkis,
- eru skattskyldir í Noregi vegna tekna sem þeir vinna sér inn erlendis og

⁽⁸⁾ „Reglur um skattendurgreiðslur vegna farmanna“ í því sem hér fer á eftir.

⁽⁹⁾ Um birtingartilvísun fyrir þessar ákvarðanir sjá 6. og 7. nmgr.

- c) eiga rétt á sjómannaafslætti samkvæmt grein 6-61 í skattalögum
- og
- d) hafa tekjur sem eru tilkynntar almannatryggingum sjómanna eða skráðar sérstaklega.

2.5 Fjárveiting og gildistími

Samkvæmt tilkynningunni um breytingu á reglunum um skattendurgreiðslur öðlaðist hún gildi 1. júlí 2007 ⁽¹⁰⁾. Reglurnar um skattendurgreiðslur eru háðar árlegum fjárveitingum norska lög-gjafarþingsins. Reglurnar eru því bundnar fjárlagaárinu. Framhald á gildistíma reglnanna er háð fjárveitingum vegna næsta fjárlagaárs á eftir. Stjórnvöld í Noregi hafa greint frá því að í aðalatriðum séu reglurnar ekki takmarkaðar í tíma, en þær verði tilkynntar að nýju séu þær enn í gildi að tíu árum liðnum.

Fjárveitingar á fjárlagaárinu 2007 vegna hinnar tilkynntu breytingar eru 30 milljónir norskra króna (um 3,6 milljónir evra) ⁽¹¹⁾. Árlegur kostnaðarauki í kerfinu á árinu 2007 er áætlaður 90 milljónir norskra króna (um 10,94 milljónir evra).

3 Athugasemdir stjórnvalda í Noregi, meðal annars breytingar á tilkynningunni

Í bréfi, sem var dagsett 22. apríl 2008, lýstu stjórnvöld í Noregi þeirri skoðun að viðskiptasamningur við fyrirtækið Hurtigruten ASA um kaup á flutningagetu á leiðinni Björgvin–Kirkenes hefði ekki í för með sér ríkisaðstoð. Þannig er það álit stjórnvalda í Noregi að aðstoð, sem er veitt samkvæmt reglum um skattendurgreiðslur vegna farmanna, taki ekki til sömu útgjalda og aðstoð samkvæmt öðrum aðstoðarkerfum á vegum sveitarstjórna, héraðsstjórna, ríkisins eða Evrópubandalagsins, og því sé ekki um ofgreiðslur að ræða.

II. MAT

1 Er um ríkisaðstoð að ræða?

1. mgr. 61. gr. EES-samningsins hljóðar svo:

„Ef ekki er kveðið á um annað í samningi þessum er hvers kyns aðstoð, sem aðildarríki EB eða EFTA-ríki veitir eða veitt er af ríkisfjármunum og raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara, ósamrýmanleg framkvæmd samnings þessa að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila.“

Í ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 280/06/COL er að finna mat á reglum um skattendurgreiðslur vegna farmanna, en undir þær féllu þá ferjur í millilandasiglingum, grunnsæviskip og tankskip sem flytja olíu frá borpöllum til lands. Í þeirri ákvörðun kom fram sú niðurstaða stofnunarinnar að reglurnar hefðu í för með sér ríkisaðstoð sem væri samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins á grundvelli leiðbeininga stofnunarinnar um ríkisaðstoð á sviði sjóflutninga ⁽¹²⁾. Þá mat stofnunin tvær breytingar á hinum tilkynntu reglum í ákvörðun 412/06/COL og komst að þeirri niðurstöðu, aftur á grundvelli „Leiðbeininga um sjóflutninga“, að hinar breyttu reglur hefðu í för með sér ríkisaðstoð sem væri samrýmanleg gildandi ákvæðum.

Í því sem hér fer á eftir mun Eftirlitsstofnun EFTA meta hvort áformuð breyting samkvæmt tilkynningunni, sem hér liggur fyrir, raski þeirri niðurstöðu að reglurnar hafi í för með sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

1.1 Er gengið á ríkisfjármuni?

Aðstoðarráðstöfunin verður að vera á vegum ríkisins eða fela í sér nýtingu ríkisfjármuna. Þar eð endurgreiðslur á tekjuskatti og almannatryggingagjöldum verða áfram kostaðar af fjárlögum er þessu skilyrði fullnægt.

⁽¹⁰⁾ Fyrirtæki, sem eiga rétt á endurgreiðslum samkvæmt reglunum, verða að sækja um þær á tveggja mánaða fresti fyrir næstu tvo mánuði á undan. Endurgreiðsla á sér að jafnaði stað innan tveggja mánaða.

⁽¹¹⁾ Gengi norskrar krónu gagnvart evru er 8,2224 fyrir árið 2007 og er birt á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA.

⁽¹²⁾ „Leiðbeiningar um ríkisaðstoð“ í því sem hér fer á eftir.

1.2 Er ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara ívilnað?

Endurgreiðslur á skatti og almannatryggingagjöldum bæta skipafélögum útgjöld sem þau þyrftu ella að inna af hendi af rekstrarfé sínu og fela þannig í sér ávinning fyrir þá sem geta nýtt sér reglurnar. Stuðningurinn telst einnig sértæk ráðstöfun þar sem hann nær aðeins til siglingageirans og skipafélaga í þeim geira sem gera út tiltekin skip. Þessar aðstæður breytast ekki með breytingunni sem tilkynnt hefur verið: raunar er gildissvið reglnanna um skattendurgreiðslur einfaldlega víkkað þannig að það taki til einnar gerðar skipa í viðbót, og sem stendur varðar breytingin aðeins eitt fyrirtæki, þ.e. Hurtigruten ASA.

1.3 Samkeppnisröskun og áhrif á viðskipti milli aðila að EES-samningnum

Skipafélög, sem njóta góðs af reglunum, að meðtöldu fyrirtækinu sem fellur nýtt undir reglurnar samkvæmt tilkynningunni sem hér er til athugunar, stunda atvinnustarfsemi í samkeppni við skipafélög/fyrirtæki í öðrum löndum á Evrópska efnahagssvæðinu og stuðningur, sem veittur er samkvæmt reglunum, styrkir markaðsstöðu þeirra. Stuðningurinn raskar því, eða getur raskað, samkeppni og hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila.

1.4 Niðurstaða

Með hliðsjón af því, sem hér hefur verið rakið, er það niðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA að reglur um skattendurgreiðslur vegna farmanna, nánar tiltekið breyting á þeim samkvæmt fyrirliggjandi tilkynningu, hafi í för með sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

2 Málmeðferð

Eftirfarandi ákvæði er að finna í 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókuar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól: „Tilkynna skal [E]ftirlitsstofnun EFTA um áætlanir um að veita eða breyta aðstoð þannig að henni gefist nægur tími til athugasemda. [...] Hlutadeigandi ríki skal ekki gera fyrirhugáðar ráðstafanir fyrir en endanleg niðurstaða liggur fyrir.“

Samkvæmt tilkynningu stjórnvalda í Noregi áttu reglur um skattendurgreiðslur vegna farmanna að gilda frá 1. júlí 2007. Þó var tekið fram að engar greiðslur myndu eiga sér stað fyrir en Eftirlitsstofnun EFTA hefði tekið ákvörðun í málinu. Svo er að sjá sem engar greiðslur hafi átt sér stað. Stofnunin telur því að stjórnvöld í Noregi hafi virt ofangreinda tilkynningaskyldu svo og stöðvunarákvæðið.

3 Samrýmist aðstoðin samkeppnisreglum?

Samkvæmt ákvæðum staflíðar c) í 3. mgr. 61. gr. samningsins getur aðstoð talist samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins ef hún er veitt í því skyni að greiða fyrir þróun ákveðinna greina efnahagslífsins, enda hafi hún ekki svo óhagstæð áhrif á viðskiptaskilyrði í samskiptum samningsaðila að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum. Aðstoð, sem er veitt fyrirtækjum í siglingageiranum, verður að skoða með sérstöku tilliti til Leiðbeininga um sjóflutninga.

Í því sem hér fer á eftir mun Eftirlitsstofnun EFTA meta hvort tilkynnt útvíkkun reglna um skattendurgreiðslur þannig að þær taki til farmanna í lágmarksáhöfn farþegaskipa, sem sigla á leiðinni Björgvin–Kirkenes, sé þess eðlis að hún leiði til breytingar á mati stofnunarinnar á því hvort reglurnar samrýmist samkeppnisreglum í ákvörðunum 280/06/COL og 412/06/COL.

3.1 Beiting ákvæðanna í tengslum við starfsemi á sviði sjóflutninga

Ákvæði Leiðbeininga um sjóflutninga gilda um starfsemi á sviði „flutninga á sjó“. Skilgreiningin á flutningum á sjó að því er varðar þessar leiðbeiningar er sú sem er að finna í reglugerð (EBE) nr. 4055/86⁽¹³⁾, sem var felld inn í EES-samninginn sem 53. liður XIII. viðauka, og reglugerð (EBE)

⁽¹³⁾ Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4055/86 frá 22. desember 1986 um beitingu meginreglunnar um frjálsa þjónustustarfsemi í flutningum á sjó milli aðildarríkja og milli aðildarríkja og landa utan bandalagsins (Stjtið. EB L 378, 31.12.1986, bls. 1).

nr. 3577/92 ⁽¹⁴⁾, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn sem liður 53a í XIII. viðauka ⁽¹⁵⁾. Sjóflutningar merkja því flutninga „farþega eða varnings á sjó“.

Með breytingunum á reglunum er gildissvið þeirra víkkað þannig að þær taki til farmanna í lágmarksáhöfn farþegaskipa sem siglt er á leiðinni Björgvin–Kirkenes, eru skráð í almennri skipaskrá í Noregi (NOR) og búa við samkeppni. Ef þessi skip eru notuð til sjóflutninga í skilningi Leiðbeininga um sjóflutninga eru þau hlutgeng til styrkveitinga samkvæmt hinum breyttu reglum um skattendurgreiðslur.

3.2 Samrýmast reglurnar markmiðunum sem sett eru í Leiðbeiningum um sjóflutninga?

Í Leiðbeiningum um sjóflutninga var mælt fyrir um að heimilt væri að koma upp aðstoðaráætlunum í því skyni að vinna að EES-hagsmunum á þessu sviði á grundvelli almennra markmiða á borð við að:

- efla örugga, skilvirka, áreiðanlega og visholla sjóflutninga,
- ýta undir skráningu eða endurskráningu skipa í skipaskrá EES-ríkja,
- stuðla að eflingu siglingagreina í EES-ríkjunum og viðhalda jafnframt samkeppnishæfni skipastólsins á heimsmarkaði,
- viðhalda og auka kunnáttu á sviði siglinga og verja og efla atvinnu farmanna í Evrópu og
- stuðla að uppbyggingu nýrra tegunda þjónustu á sviði flutninga á stuttum sjóleiðum.

Eins og tekið hefur verið fram í eldri ákvörðunum um reglur um skattendurgreiðslur vegna farmanna er það yfirlýst markmið stjórnvalda í Noregi að viðhalda þeirri leiðandi stöðu sem þjóðin hefur á sviði sjóflutninga. Markmiðið er meðal annars sett með vísan til þeirrar grundvallarþýðingar sem greinin hefur í mörgum strandbyggðum landsins.

Stjórnvöld í Noregi eru þeirrar skoðunar að í þessu samhengi virðist vænlegast að skapa þeim, sem keppa við hentifánaskráningu (og önnur EES-ríki), sanngjarnari samkeppnisskilyrði. Markmiðin með reglum um skattendurgreiðslur vegna farmanna eru þau að vinna að hagsmunum Norðmanna á sviði sjóflutninga með því að efla örugga, skilvirka, áreiðanlega og visholla sjóflutninga, ýta undir skráningu eða endurskráningu skipa í norsku skipaskránni (NOR), stuðla að eflingu siglingagreina í Noregi og viðhalda jafnframt samkeppnishæfni skipastólsins á heimsmarkaði, og viðhalda og auka kunnáttu á sviði siglinga og verja og efla atvinnu farmanna á Evrópska efnahagssvæðinu. Stjórnvöld í Noregi hafa lýst yfir að stuðlað sé að þessum markmiðum með því að láta ráðstöfunarlaunaregluna taka til skipa sem siglt er á leiðinni Björgvin–Kirkenes. Þessi útvíkkun reglnanna varðar um 750 farmenn.

Eftirlitsstofnun EFTA lítur svo á að stjórnvöld í Noregi hafi sýnt fram á það með fullnægjandi hætti að fyrirhugaðar breytingar á reglum um skattendurgreiðslur vegna farmanna samrýmist hinum almennu markmiðum Leiðbeininga um sjóflutninga.

3.3 Aðstoð veitt með lækkun launatengdra gjalda

Í Leiðbeiningum um sjóflutninga er kveðið á um að heimilt sé að veita afslátt af launatengdum gjöldum sem greidd eru vegna farmanna frá EES-ríkjum að því tilskildu að viðkomandi farmenn starfi á skipum sem skráð eru í EES-ríki. Aðstoð af þessu tagi má samkvæmt Leiðbeiningum um sjóflutninga vera allt að 100% afsláttur af gjöldunum. Slíkar ráðstafanir skulu hafa það að markmiði að verja atvinnu í EES-ríkjunum, bæði um borð í skipum og í landi, viðhalda og auka kunnáttu á sviði siglinga á Evrópska efnahagssvæðinu og auka öryggi. Í 2. mgr. undirkafla 3.2 í leiðbeiningu-

⁽¹⁴⁾ Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3577/92 frá 7. desember 1992 um beitingu meginreglunnar um frjálsa þjónustustarfsemi í flutningum á sjó innan aðildarríkjanna (gestaflutningar á sjó) (Stjtið. EB L 364, 12.12.1992, bls. 7).

⁽¹⁵⁾ Liðurinn bættist við samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 70/97 (Stjtið. EB L 30, 5.2.1998, bls. 42, og EES-viðbætur nr. 5, 5.2.1998, bls. 175) og gildistökudagur var 1.8.1998.

unum er kveðið á um að eftirtaldir ráðstafanir skuli heimilar vegna skipaútgæðar á Evrópska efnahagssvæðinu:

- Afsláttur af almannatryggingagjöldum sem greidd eru vegna farmanna frá EES-ríkjum sem starfa á skipum sem skráð eru í EES-ríki.
- Afsláttur af tekjuskatti sem lagður er á farmenn frá EES-ríkjum sem starfa á skipum sem skráð eru í EES-ríki.

Í þessu tilliti er hugtakið „farmenn frá EES-ríkjum“ skilgreint þannig:

- Ríkisborgarar EES-ríkjanna þegar um ræðir farmenn sem vinna um borð í skipum (að ekjuskipum meðtöldum), sem notuð eru í áætlunarsiglingum með farþega á Evrópska efnahagssvæðinu.
- Í öllum öðrum tilvikum þeir farmenn sem eru skattskyldir og/eða greiða þarf fyrir almannatryggingagjöld í EES-ríki.

Reglur um skattendurgreiðslur vegna farmanna varða endurgreiðslu tekjuskatts og almannatryggingagjalda sem vinnuveitandi greiðir fyrir hönd farmanna. Samkvæmt reglunum, sem samþykktar voru með ákvörðunum 280/06/COL og 412/06/COL, munu skipafélög, sem gera út skip sem falla undir reglurnar, fá styrki vegna farmanna sem hafa skattalega heimilisfesti í Noregi eða öðru EES-ríki eða eru ríkisborgarar EES-ríkis, eru skattskyldir í Noregi vegna tekna sem þeir vinna sér inn erlendis og eiga rétt á sjómannaafslætti samkvæmt grein 6-61 í skattalögum og hafa tekjur sem eru tilkynntar almannatryggingum sjómanna eða skráðar sérstaklega. Engar breytingar hafa verið tilkynntar að þessu leyti. Eftirlitsstofnun EFTA lítur því svo á að farmennirnir, sem breytingin tekur til, falli í þá flokka sem gert er ráð fyrir í leiðbeiningunum.

3.4 Hámark

Samkvæmt undirkafla 3.2 í Leiðbeiningum um sjóflutninga er heimilt að veita afslátt af almannatryggingagjöldum sem greidd eru vegna farmanna frá EES-ríkjum og afslátt af tekjuskatti. Samkvæmt 11. undirkafla Leiðbeininga um sjóflutninga er niðurfelling heimil allt að 100%, þ.e. heimilt er að fella með öllu niður skattgreiðslur og almannatryggingagjöld. Samkvæmt upprunalegri tilkynningu um reglurnar geta endurgreiðslur aldrei orðið hærri en sem nemur fjárhæð innheimts tekjuskatts og almannatryggingagjalda. Þar eð engar breytingar hafa verið tilkynntar að þessu leyti lítur Eftirlitsstofnun EFTA svo á að endurgreiðslur á skatti og almannatryggingagjöldum samkvæmt tilkynntri breytingu verði eftir sem áður í samræmi við ákvæði Leiðbeininga um sjóflutninga.

3.5 Uppsöfnuð aðstoð

Samkvæmt 11. undirkafla Leiðbeininga um sjóflutninga er mesta heimila aðstoð niðurfelling skattgreiðslna og almannatryggingagjalda að fullu. Hugsanlegt er að önnur aðstoðarkerfi feli ekki í sér meiri ávinning en sem þessu nemur. Stjórnvöld í Noregi hafa tekið fram að óheimilt sé að þiggja aðstoð samkvæmt reglum um skattendurgreiðslur vegna farmanna jafnframt aðstoð samkvæmt öðrum aðstoðarkerfum á vegum sveitarstjórna, héraðsstjórna, ríkisvalds eða Evrópubandalagsins vegna sama styrkhæfa kostnaðar.

3.6 Niðurstaða

Á grundvelli matsins, sem hér hefur verið lýst, er það afstaða Eftirlitsstofnunar EFTA að hin tilkynnta breyting á reglum um skattendurgreiðslur vegna farmanna, en samkvæmt henni er endurgreiðsla á tekjuskatti og almannatryggingagjöldum farmanna, sem vinnuveitandi greiðir, látin ná til farmanna í lágmarksáhöfn farþegaskipa sem siglt er á leiðinni Björgvin–Kirkenes, búa við samkeppni og eru skráð í almennri skipaskrá í Noregi, samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins með vísan til stafliðar c) í 3. mgr. 61. gr. samningsins og ákvæða Leiðbeininga um sjóflutninga. Eftirlitsstofnun EFTA hreyfir því ekki andmælum við breytingunni sem tilkynnt hefur verið.

Stjórnvöld í Noregi eru minnt á að skylt er samkvæmt 21. gr. II. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, sbr. 6. gr. ákvörðunar 195/04/COL, að leggja fram árlegar skýrslur um framkvæmd reglnanna. Stjórnvöldum í Noregi ber að senda stofnuninni svo skjótt sem unnt er allar

lagagreinar og öll reglugerðarákvæði sem varða ofangreindar breytingar á aðstoðarreglunum, að því leyti sem það hefur ekki verið gert þegar.

Stjórnvöld í Noregi eru minnt á að samkvæmt ákvæðum 12. undirkafla Leiðbeininga um sjóflutninga ber EFTA-ríkjunum að senda Eftirlitsstofnun EFTA mat á áhrifum allra aðstoðarkerfa sem falla undir ákvæði Leiðbeininga um sjóflutninga á sjötta ári eftir að þau komast í framkvæmd.

Stjórnvöld í Noregi eru jafnframt minnt á að skylt er að tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA öll áform um breytingar á reglunum.

Samkvæmt tilkynningu um reglur um skattendurgreiðslur vegna farmanna, sem samþykktar voru með ákvörðunum 280/06/COL og 412/06/COL, gilda reglurnar til 1. janúar 2016. Samkvæmt tilkynningunni, sem hér er til umfjöllunar, eru reglurnar um skattendurgreiðslur ekki bundnar tilteknu tímabili í grundvallaratriðum, en verða tilkynntar að nýju séu þær enn við lýði að tíu árum liðnum. Stjórnvöld í Noregi hafa ekki rökstutt að ástæða sé til að láta hina tilkynntu breytingu gilda lengur en upprunalegt kerfi og af þeim sökum er það niðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA að rétt sé að láta síðustu breytingu á reglunum renna út þennan sama dag. Stofnunin vekur athygli stjórnvalda í Noregi á því að Leiðbeiningar um sjóflutninga, en reglurnar um skattendurgreiðslur voru samþykktar í samræmi við þær, verða endurskoðaðar árið 2011. Verði breytingar á reglunum í Leiðbeiningum um sjóflutninga getur þetta haft áhrif á allar gildandi aðstoðaráætlanir sem falla undir leiðbeiningarnar, og þá einnig breytingar á reglunum sem heimilaðar eru með ákvörðuninni sem hér birtist.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirlitsstofnun EFTA hefur ákveðið að hreyfa ekki andmælum við hinni tilkynntu breytingu á reglum um skattendurgreiðslur vegna farmanna sem starfa á skipum sem skráð eru í almennri skipaskrá í Noregi (NOR), en samkvæmt henni er endurgreiðsla á tekjuskatti og almannatryggingagjöldum farmanna, sem vinnuveitandi greiðir, látin ná til farmanna í lágmarksáhöfn farþegaskipa sem siglt er á leiðinni Björgvin–Kirkenes, búa við samkeppni og eru skráð í almennri skipaskrá í Noregi.

Hið breytta kerfi er samrýmanlegt EES-samningnum með vísan til ákvæða staflíðar c) í 3. mgr. 61. gr. samningsins.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til Konungsríkisins Noregs.

3. gr.

Fullgild er aðeins ensk útgáfa þessarar ákvörðunar.

Gjört í Brussel 11. júní 2008.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Kurt Jaeger

Stjórnarmaður

Kristján Andri Stefánsson

Stjórnarmaður

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2009/EES/59/02

(Mál COMP/M.5642 – SGGF/Trakya/SGGE)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 30. október 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem franska fyrirtækið Saint-Gobain Glass France, sem lýtur yfirláðum hins franska Compagnie de Saint-Gobain („Saint-Gobain“), og tyrkneska fyrirtækið Trakya Cam Sanayii A.S., sem lýtur yfirláðum hins tyrkneska Turkiye Sis eve Cam Fabrikalari A.S. („Sisecam“), öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirláð, í skilningi staflaðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í eypska fyrirtækinu Saint-Gobain Glass Egypt („SGGE“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Saint-Gobain: framleiðsla og sala á gleri, steinleir, plastefnum og byggingarefnum
 - Sisecam: framleiðsla og sala á gleri, glermunum, glerumbúðum og efnavörum
 - SGGE: framleiðsla og sala á gleri til nota í byggingum og ökutækjum
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 268, 10. nóvember 2009). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5642 – SGGF/Trakya/SGGE, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5644 – Kraft Foods/Cadbury)

2009/EES/59/03

1. Framkvæmdastjórninni barst 9. nóvember 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Kraft Foods Inc öðlast með yfirtökubóði, sem var tilkynnt 9. nóvember 2009, að fullu yfiráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í breska fyrirtækinu Cadbury plc.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
